

# FUNDARGERÐ

## 118. stjórnarfundur KRAFT

118. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á netinu (Zoom)  
19. október 2020 kl. 20.15.

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Þórunn, Inga María, Lára (starfsmaður KRAFT) og Laufey.  
Aron Ingi komst ekki á fundinn.  
Muggur forfallaður.  
Fundarritari : Laufey.

### 1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

### 2. FORMANNAFUNDUR

Formannafundur var haldinn á Zoom 17.október. Fundargerð var send á stjórn KRAFT. Gry stýrði fundi. Þetta var góður fundur. Farið yfir stöðuna og almennt ágætis hljóð í mönnum. Ýmis mál rædd á fundi (sjá fundargerð), m.a. mótaskrá, tillögu að halda ÍM í réttstöðulyftu í búnaði og klassík og að sleppa liðakeppni í ár.

### 3. MÓTASKRÁ OG LIÐAKEPPNI

- Stjórn samþykkti að aflýsa bikarmóti. Mótanefnd er því einnig samþykk.
- Stjórn samþykkti tillögu sem kom fram á formannafundi um að Íslandsmeistaramót í réttstöðulyftu verður haldin í búnaði og í klassískum kraftlyftingum.
- Stjórn samþykkti að engin liðakeppni verður árið 2020.

### 4. FUNDUR ÍSÍ OG SÓTTVARNARLÆKNIS

Gry sótti fundinn f.h. KRAFT. Niðurstaða þess fundar er að kraftlyftingar eru snertilaus íþrótt. Þetta veitir heimild að æfa með max 20 manns, 2 metara millibil milli manna og öll tæki/tól/lóð sprittuð á milli iðkenda. Í nýjum uppfærðum sóttvarnareglum er gerð krafa um að iðkendur skrái sig inn og út af æfingum. Þetta er til að auðvelda mitrakningarteymi að rekja hverjir voru hvar á hverjum tíma. Stjórn samþykkti einnig að beina þeim tilmælum til félagsmanna að fólk fari ekki í önnur félög til að æfa eins og er. Uppfærðar sóttvarnareglur KRAFT hafa verið sendar til ÍSÍ og sóttvarnarlæknis til umsagnar og vonast er til að geta sett uppfærðar reglur á netið á morgun.

### 5. HVATNINGARÁTAK

Ákveðið að hefja hvatningarátak undir myllumerkinu **#verumsterk**. Laufey setur inn á Instagram og fésbókina. Hvetja félagsmenn til að setja inn myndir eða myndbönd og setja myllumerkið við og skora á vini að vera með. Þórunn benti á að best væri að stjórnin myndi byrja strax með að pósta myndum af eigin lyftum.

### 6. ÖNNUR MÁL

- Vegna takmarkana sem enn eru í gildi og munu vara til 10.nóvember var ákveðið að seinka ferð afrekshópsins í Borgarnes. Dagsetningin var upphaflega miðuð út í frá

Bikarmóti en þ.s. það fellur niður þá var ákveðið að breyta dagsetningu á bikarmótshelgina 19.-21. nóvember. Auðunn hefur samband við viðkomandi aðila.

- Rætt um fjarfundarkeppni, kosti og galla. Vitað er að einhver félög stefna á að halda eigin mót sem fjarfundakeppnir. Stjórnarmenn voru sammála um að vona frekar eftir að næstu mót verði haldin á eðlilega hátt.

## **7. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR**

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

## **8. FUNDARLOK**

Fundi slitið kl.20.55.